

Úthlutunarreglur verkefnisins

Betri Bakkafjörður 2023

1. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðu eyðublaði.
2. Verkefnin sem sótt er um styrk til, þurfa fyrst og fremst að vera til þess fallin að efla samfélagið við Bakkaflóa.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði með það sem fram kemur í umsóknum og varðar verkefnið sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Að úthlutun lokinni verður birtur opinberlega listi yfir styrkt verkefni ásamt stuttri lýsingu, styrkuppþæð og nöfnum styrkþega.
4. Verkefnið eða sá hluti sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtíma verkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá undirritun samnings um styrkveitinguna.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega innan þriggja mánaða frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og samkvæmt samningi. Forsenda greiðsla er að áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt af verkefnisstjórn. Þangað til skal halda eftir 50% af styrkuppþæð.
7. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
8. Ekki er krafist mótframlags umsækjenda.
9. Við mat á umsóknum verður tekið mið af hversu vel verkefnið fellur að skilaboðum frá íbúðingum og stefnumótun verkefnisins Betri Bakkafjörður.
10. Horft verður einnig til þess hvort:
 - Útkoma verkefnisins nýtist sem flestum í byggðalaginu.
 - Verkefnið trufli samkeppni á þjónustusóknarsvæðinu.
 - Verkefnið leiði til atvinnusköpunar á heilsársgrundvelli.
 - Útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar.
 - Markaðs- og rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar.
 - Áhrifa verkefnisins gæti fyrst og fremst í samfélaginu við Bakkaflóa.
 - Verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.
 - Styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnisins.
11. Ef fyrir liggur að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í aðstöðu, þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru forsenda fyrir framleiðslu afurða og þjónustu.
12. Samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, samþykkir umsækjandi að verkefnisstjórn Betri Bakkafjörður afli og vinni með persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fjalla um og greina umsókn.